

**5. fundur framkvæmdaráðs Velferðarþjónustu Vestfjarða  
haldinn í fjarfundarbúnaði, þriðjudaginn 4. mars 2025 og hófst hann kl. 08:30.**

**Fundinn sátu:**

Edda María Hagalín fjármálastjóri, Margrét Geirsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs, Jón Páll Hreinsson bæjarstjóri, Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri, Gerður Björk Sveinsdóttir bæjarstjóri og Sigríður Júlía Brynleifsdóttir bæjarstjóri.

**Embættismenn:**

**Fundargerð ritaði:** Margrét Geirsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs.

**Dagskrá:**

**1. Notendaráð fatlaðra á Vestfjörðum 2025 - 2025010306**

Lagt fram minnisblað frá sviðs- og félagsmálastjórum á Vestfjörðum um stofnun notendaráðs fatlaðra á Vestfjörðum. Lagt er til að framkvæmdaráð samþykki að greidd verði nefndarlaun fyrir fundarsetu, allt að þremur fundum á ári fyrir fulltrúa sveitarfélaganna og hagsmunasamtaka fatlaðs fólks. Jafnframt er óskað eftir ákvörðun framkvæmdaráðs um frá hvaða þjónustusvæðum aðal- og varafulltrúar skuli tilnefndir.

*Framkvæmdaráð VV samþykkir að greidd verði laun fyrir setu í notendaráði fyrir fulltrúa sveitarfélaganna og fulltrúa frá hagsmunasamtökum fatlaðra, alls sex fulltrúa. Fulltrúar í notendaráð verði tilnefndir frá Ísafjarðarbæ, Bolungarvíkurkaupstað og sameiginlega frá félagsþjónustu Stranda og Reykhóla og Vesturbyggð. Tilnefndir verði einn aðalfulltrúi og einn til vara. Fjármálastjóra falið að gera viðauka vegna þessa.*

**2. Velferðarþjónusta Vestfjarða - 2022100128**

Lagður fyrir tölvupóstur frá KPMG, Róberti Ragnarssyni, vegna endurskoðunar á samningi um sérhæfða velferðarþjónustu á Vestfjörðum.

*Framkvæmdateymi samþykkir tilboð KPMG um vinnu vegna endurskoðunar samnings um sérhæfða velferðarþjónustu á Vestfjörðum. Fjármálastjóra falið að gera viðauka vegna þessa.*

**3. Uppgjör bakvakta 2024 - Velferðarþjónusta Vestfjarða - 2025020212**

Lagt fram uppgjör fjármálastjóra Ísafjarðarbæjar vegna bakvakta í barnavernd fyrir árið 2024.

*Lagt fram til kynningar.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:15**

---

Edda María Hagalín

---

Margrét Geirsdóttir

---

Jón Páll Hreinsson

---

Ingibjörg Birna Erlingsdóttir

---

Gerður Björk Sveinsdóttir

---

Sigríður Júlía Brynleifsdóttir